



Borgarráð

Reykjavík, 25. nóvember 2025

MSS25110114

Virkari viðverustjórnun vegna veikinda starfsfólks

Lagt er til að borgarráð samþykki að stofnað verði sérstakt stuðningsteymi sem muni styðja við stjórnendur á starfsstöðum Reykjavíkurborgar þar sem veikindafjarvistir eru miklar en einnig aðstoða stjórnendur við útfærslu á mönnun m.t.t. starfsemi og mannafla. Lagt er til að fjárheimildir mannauðs- og starfsumhverfissviðs hækki um 41 m.kr. vegna þessa og tillögunni verði vísað til frágangs fjárhagsáætlunar fyrir 2026. Á móti kæmi vænt kostnaðarlækkun vegna virkari fjarvistastjórnunar, á bilinu 480-800 milljónir króna á ári, auk þess sem minni veikindafjarvistir draga úr þjónustuskerðingum og minnka álag almennt á starfsfólk og stjórnendur. Mikilvægt er að stjórnendur fái aukinn stuðning við að draga úr veikindafjarvistum sem og stuðning við að skoða hvernig megi nýta fjármagn og mannafla á sem hagkvæmasta máta þannig að það styrki starfsemina.

Greinagerð:

Lagt er til að stofnað verði teymi með þremur sérfræðingum sem hafi það hlutverk að styðja við stjórnendur í því að draga úr veikindafjarvistum, með markvissum vinnubrögðum í anda [viðverustefnu Reykjavíkurborgar frá 2023](#). Einnig geti teymið aðstoðað stjórnendur við mat á hvernig best sé að útfæra mönnun miðað við fjárhagsramma og þarfir starfseminnar.

Í svari mannauðs- og starfsumhverfissviðs sem lagt var fram í endurskoðunarnefnd þann 16. desember 2024 kom fram að veikindahlutfall hefur farið hækkandi undanfarin þrjú ár og þó að ákveðinn árangur hafi náðst á síðastliðnum tveimur árum þá er nokkuð langt í land að veikindahlutfall starfsfólks Reykjavíkurborgar sé ásættanlegt. Það er því til mikils að vinna að reyna með markvissri vinnu að ná veikindahlutfalli niður og hagræða þannig í rekstri borgarinnar og á sama tíma styðja enn betur við stjórnendur.

Gögn úr viðverukerfi borgarinnar sýna að heildarfjarvistir vegna veikinda starfsfólks hafa aukist mjög síðustu ár, úr 6,6% að meðaltali á árunum 2018 til 2021 og upp í 8,6% árið 2022, 7,7% 2023 og 7,5% 2024. Tölur fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2025 sýna að vísbendingar eru um að hlutfallið sé að minnka en það er 7,16% en var á sama tíma 2024 7,52%. En mikilvægt er að auka við markvissa vinnu til stuðnings stjórnendum til að ná að draga úr veikindahlutfalli og viðhalda þeim árangri.

Reiknaður kostnaður vegna veikinda starfsfólks er yfir 6 milljarðar króna á ári. Í fjárhagsáætlun er áætlað fyrir hluta þess kostnaðar, þ.e. beinum afleysingakostnaði og eru það 3,65 milljarðar. Annar kostnaður vegna veikindafjarvista má segja að sé innbyggður í varanlegan launakostnað borgarinnar. Þegar um svo háar kostnaðartölur er að ræða getur verið umtalsverður ávinningur í að ná þó ekki sé nema lítilli lækkun á prósentu. Mannauðs- og starfsumhverfissvið hefur lagt fram tvær sviðsmyndir í þessu samhengi:



Reykjavík



- Ef næðist að lækka heildarveikindafjarvistir með varanlegum hætti um eitt prósentustig (þ.e. úr 7,6% í 6,6%) þá má áætla að mögulegt yrði að hagræða um 800 milljónir króna í starfsmannahaldi, þ.e. að lækka reiknaðan kostnað úr 6,2 milljörðum króna í 5,4.
- Ennþá varfærnari áætlun miðast eingöngu við þann kostnað sem felst í beinum afleysingum vegna veikinda (3,65 milljarðar). Ef miðað er við sömu heildarfjarvistaprósentu í þeim kostnaðartölum eingöngu má áætla að mögulegt yrði að hagræða um ríflega 480 milljónir króna í starfsmannahaldi.

Haustið 2023 samþykkti borgarráð nýja viðverustefnu fyrir vinnustaðinn. Við innleiðingu viðverustefnunnar var tekinn upp nýr kvarði sem er reiknaður í viðverukerfinu Vinnustund (Bradford kvarði) sem gerir kleift að meta hvaða starfsmenn þurfi sérstakan stuðning og eftirfylgni vegna veikindafjarvista. Þessi stuðningur kallar á talsverða vinnu, meðal annars á þann hátt að undirbúa þarf og taka svokölluð viðverusamtöl við starfsfólk. Reynslan sýnir hins vegar því miður að margir stjórnendur hafa ekki það svigrúm í umfangsmiklum stjórnendastörfum sem þarf til að sinna þessu svo vel sé, og háværar raddir heyrast frá stjórnendahópnum um brýna þörf fyrir aukinn stuðning meðal annars í þessum málaflokki.

Sérfræðingar í teyminu yrðu ráðnir inn á mannauðs- og starfsumhverfissvið en myndu þjónusta stjórnendur allra sviða borgarinnar í samstarfi við mannauðsþjónustur sviða.

- Unnið yrði með fyrirmyndina frá stuðnings- og ráðgjafarteymi á mannauðs- og starfsumhverfissviði en mjög vel hefur gengið að innleiða þá þjónustu, og meðvitund meðal stjórnenda um hana er orðin almenn.
- Mannauðs- og starfsumhverfissvið mun hafa yfirumsjón með verkefninu, stefnumótun, skilgreiningu mælikvarða, tímasetningu markmiða og árangursmælingum.
- Skipulagseiningum þar sem skammtímaveikindi eru viðvarandi vandamál verði veitt aðstoð við rekstrargreiningu, auk samtalanna, þ.m.t. yfirferð á vaktaplönunum og hagkvæmustu mönnun í veikindum.

Kostnaður vegna þriggja stöðugilda er áætlaður kr. 41 m.kr. á ári. Á móti kæmi vænt ofangreind kostnaðarlækkun, á bilinu 480-800 milljónir króna á ári, auk þess sem minni veikindafjarvistir draga úr þjónustuskerðingum og minnka álag almennt á starfsfólk og stjórnendur.

Lagt er til að sett verða mælanleg og tímasett markmið með verkefninu og árangur metinn fyrst eftir 12 mánuði, síðan 18 og 24 mánuði þar sem það tekur tíma að sjá árangur í svona verkefni.

Heiða Björg Hilmisdóttir

borgarstjóri



Reykjavík